

Alþingi
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík



Alþingi
Erindi nr. Þ 140/254
komudagur 18.11.2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi og vilja koma eftirfarandi umsögn á framfæri.

Samtökin fagna því að græna hagkerfið sé eflt hér á landi en vilja samtímis koma á framfæri því mikilvægi að rekstrarleg sjálfbærni sé höfð í huga þegar kerfið er byggt upp og að það sé ekki borið uppi af álögum sem leggjast á atvinnulíf og almenning. Einnig vilja samtökin benda á að hér á landi hefur verið til vísir að grænu hagkerfi í gegnum ýmsa þætti s.s orkuauðlindir og kvótakerfi. Það er þó skoðun SAF að horfa verði á auðlindirnar á mun víðari grunni en gert hefur verið hingað til og stefna þannig að því að ná saman skipulagi sem horfi til langtíamarkmiða við nýtingu og verndun íslenskrar náttúru.

Hvað varðar ferðaþjónustuna og eflingu græna hagkerfisins innan hennar, þá hafa mörg fyrirtæki á undanförunum misserum hugað að sínu samkeppnisforskoti með upptöku umhverfisstaðla þar sem markaðsforsendur hafa verið fyrir hendi til að taka upp slíka staðla. Þar fyrir utan er nú verið að vinna að upptöku gæðamerkis innan ferðaþjónustunnar sem ber nafnið VAKINN og eru vonir bundnar við að enn fleiri ferðaþjónustuaðilar taki, með þátttöku í því kerfi fyrsta skrefið í átt að umhverfisvænni rekstri.

Mörg tækifæri eru til staðar þar sem ferðaþjónustan getur tengt sig grænu hagkerfi en nauðsynlegt er að efla rannsóknir á þessu sviði og öðrum innan ferðaþjónustu með það að markmiði að Ísland verði fyrirmyndarland til að sækja heim á öllum tímum ársins.

Virðingarfyllst

Samtök ferðaþjónustunnar
Gunnar Valur Sveinsson

